



Áhersluatriði í eftirliti 2024 ársreikninga

Kynning á áhersluatriðum Verðbréfaeftirlit Evrópu og áhersluatriðum ársreikningaskrár ríkisskattstjóra

Katrínartún 6, Dynjandi, 30. nóvember 2024

1




Áhersluatriði Verðbréfaeftirlits Evrópu

European common enforcement priorities for 2024 corporate reporting

2

Af hverju gefur birtir Verðbréfaeftirlit Evrópu áhersluatriði í eftirliti hvers árs?




- Verðbréfaeftirlit Evrópu (ESMA) hefur gefið út áhersluatriði í eftirlit með reikningsskilum fyrirtækja allt frá árinu 2012 en tilgangurinn með útgáfu þeirra er að:
 - Að stuðla að gagnsæi og samræmdri framsetningu upplýsinga í fjárhagslegum reikningsskilum og í sjálfbærni-skýrslum.
 - Að taka á vandamálum sem upp hafa komið við eftirlit og snúa að gæðum upplýsinga og fylgni við regluverk.
 - Að leiðbeina og styðja við störf eftirlitsaðila á sameiginlega markaðinum.
 - Að auka tiltrú markaðarins á fjárhagslegum reikningsskilum og sjálfbærni-skýrslum og þannig stuðla að trausti fjárfesta á fjármálamörkuðum og styðja við fjárhagslegan stöðugleika.

Áhersluatriðin eru sett fram fyrir stjórnendur, endurskoðunarnefndir fyrirtækja og endurskoðendur þeirra

3


Uppbygging áhersluatriða Verðbréfaeftirlits Evrópu



- Áhersluatriði sem tengjast fjárhagslegum reikningsskilum sem gerð eru samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).
 - Lausafjárhætta fyrirtækja
 - Reikningsskilaaðferðir, dómgreind stjórnenda og verulegir matskenndir liðir
- Áhersluatriði sem tengjast sjálfbærni-skýrslum sem gerðar eru í samræmi við Evrópska staðla um sjálfbærni-skýrslur (ESRS).
 - Tvíþátta mikilvægi
 - Umfang og uppbygging sjálfbærni-skýrslna
 - Upplýsingagjöf skv. 8. gr. EU Taxonomy reglugerðarinnar
- Áhersluatriði varðandi sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (ESEF).
- Til umhugsunar og almennar ábendingar.

4


Kröfur um upplýsingar um lausafjánhættu í félögum skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum



- Upplýsingar um lausafjánhættu í félögum vegna fjármögnunarsamninga um birgðir, langtímaskuldbindingar þar sem til staðar eru skilmálar og atriði sem lúta að yfirlit um sjóðstreymi:
 - Nýjar kröfur um upplýsingar í staðlinum IAS 7 varðandi fjármögnunarsamninga um birgðir, svo sem um lengd greiðslu-fresta og tryggingar sem eru veittar fjármögnunaraðila.
 - Nýjar kröfur í staðlinum IAS 1 hvað varðar langtímaskuldbindingar sem eru bundnar skilmálum og upplýsingakröfur skv. IFRS 7 ef viðkomandi félag er í vanskilum, hefur brotið gegn lánaskilmálum eða er að endursemjast um skuldir.
 - Ábending um að við gerð yfirlits um sjóðstreymi er ekki heimilt að jafna saman liðum nema slík jöfnun sé sérstaklega heimil og greina verður frá verulegum liðum án greiðsluáhrifa í skýringum.

5


Upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir, dómgreind og verulega matsliði skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum



- Upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir, dómgreind stjórnenda og verulega matsliði eiga að vera sértækar og í samræmi við aðrar upplýsingar í reikningsskilunum:
 - Upplýsa þarf um þá liði þar sem dómgreind stjórnenda hefur veruleg áhrif mat þeirra og þær forsendur sem matið byggir á.
 - Mat á hvort að fjárfesting í félagi flokkist sem veruleg áhrif, starfsemi í sameign eða yferráð byggir m.a. á dómgreind stjórnenda, sér í lagi þegar kemur að öðrum þáttum en atkvæðisrétti, svo sem ákvæða í samþykktum félagsins eða samningum á milli eigenda.
 - Tekjur af samningum við viðskiptavini og þá sér í lagi vegna samninga sem ná yfir fleiri en eitt tímabil geta kallað á mat stjórnenda auk krafna um upplýsingar í reikningsskilunum.

6


Upplýsingar um ferlið við að leggja mat á mikilvægi í sjálfbærnisráskilum



- Ferlið við að leggja mat á mikilvægi er sá grunnur sem upplýsingar sem birta á í sjálfbærnisráskilum byggja á. Veita þarf ítarlegar upplýsingar um sjálft ferlið við að meta hvaða upplýsingar eru mikilvægar.
 - Ferlið við mat á mikilvægi er upphafspunktur fyrir stjórnendur að taka afstöðu til þess hvaða upplýsingar skuli birta í sjálfbærnisráskilum sem gerðar eru í samræmi við ESRS staðlana.
 - Ítarlegar upplýsingar um hvernig þetta mat fer fram er lyklatríði í að gera notendum sjálfbærnisráskilanna kleift að skilja hvernig stjórnendur hafi metið mikilvægi, þ.m.t. hvort upplýsingar um athafnir, viðskiptasambönd, hvar félagið starfar og hverjir eru helstu haghafar.
 - Birta þarf allar þær upplýsingar sem gerð er krafa um í staðlinum ESRS 2 ásamt tilheyrandi gagnapunktum burtséð frá mikilvægisgreiningu.

7


Afmörkun og framsetning upplýsinga í sjálfbærnisráskilum



- Upplýsingar í sjálfbærnisráskilum eiga að ná yfir öll þau félög sem fjárhagslegi hluti reikningsskilanna nær til og framsetning þeirra skal vera í samræmi við ESRS staðlana.
 - Upplýsingar í sjálfbærnisráskilum eiga ná til þess félags eða samstæðu sem fjárhagsleg reikningsskil ná yfir og því gildir sú regla að ef tiltekin liður telst vera mikilvægur í samstæðu þarf að birta þær upplýsingar fyrir alla samstæðuna.
 - Ákvæði 63.67. gr. í staðlinum ESRS 1 taka til mats á áhrif viðkomandi félags eða samstæðu í virðisikeðjunni sem leiðir til þess að félög þurfa að þróa kerfi og aðferðir við að kortleggja og meta áhrif í allri virðisikeðjunni.
 - Félögum er bent á að ákvæði um aðlögun og að ef félög nýti sér þær aðlaganir sem kveðið er á um þurfa félög samt sem áður að gefa vissar upplýsingar.
 - Uppbygging sjálfbærnisráskilanna er lýst í 8. kafla staðalsins ESRS 1 og ber félögum að horfa til þess við framsetningu á sjálfbærnisráskilum

8


Upplýsingar samkvæmt 8. gr. EU-Taxonomy reglugerðarinnar



- Félög þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í 8. gr. EU-Taxonomy reglugerðarinnar en þær voru lögfestar í lögum nr. 25/2003.
 - Félög þurfa að uppfylla kröfur um upplýsingar skv. 8. og 9. gr. reglugerðar ESB nr. 2020/852 (EU-Taxonomy) en þessar kröfur hafa verið lögfestar með lögum nr. 25/2023.
 - Mikilvægt er að félög noti þau sniðmát sem tilgreind eru í viðaukum 8. gr. án þess að þeim sé breytt eða þau séu aðlöguð til að tryggja samanburðarhæfni þeirra upplýsinga sem þar koma fram.
 - Félögum er bent á að kynna sér og hafa til hliðsjónar spurningar og svör sem framkvæmdastjórn ESB birti í desember 2023.

9


Sameiginlegt rafrænt skýrslusnið



- Við eftirlit ársins 2025 verður sjónum beint að algengum villum við skil á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (ESEF).
 - Rétt tenging við flokkunarkerfið (Correctness of mark-ups): en hver fjárhagslegur liður þarf að vera tengdur við rétt hugtak í flokkunarkerfi ESEF
 - Sérsniðin hugtök (Extension taxonomy elements and anchoring): tekur til hugtaka sem ekki eru skilgreind í ESEF og eru notuð til að útskýra sértæk eða óvenjuleg atriði í reikningsskilum viðkomandi félags.
 - Gæði og áreiðanleiki merkinga (Consistency and completeness of mark-ups): svo sem ef liður er ekki tengdur við viðkomandi skýringarlið.
 - Rétt framsetning tölulegra gilda (Correctness of signs, scaling and accuracy): en dæmi um slíkt er ef fjárhæðir reikningsskilum eru sýndar í þúsundum án þess að það sé skilgreint í iXBRL sem þúsund.
 - Samræmi í útreikningum (Consistency of calculations): en félög þurfa m.a. að tryggja að tölulegar upplýsingar í reikningsskilum séu réttar og í samræmi við reiknireglur.

10

Til umhugsunar og almennar ábendingar



➤ Nokkur atriði til umhugsunar

- Hvort samhengi sé á milli upplýsinga í fjárhagslegum reikningsskilum og upplýsinga sem koma fram í sjálfbærnisráðgjöf.
- Vátryggingafélögum er bent á að kynna sér efni skýrslu Verðbréfaeftirlits Evrópu „Fram black box to open book“ frá því í október 2024.
- Félögum sem nýta sér losunarheimildir (carbon allowances) er bent á að kynna sér yfirlýsingu Verðbréfaeftirlits Evrópu „Clearing the smog“ frá því í október 2024.
- Þau félög sem setja fram aðra árangursmælikvarða (APM) í fjárhagslegum reikningsskilum þurfa að gera það á ábyrgan og gagnsæjan hátt.

11

Niðurstöður úr eftirliti ársins 2023

Skýrsla Verðbréfaeftirlits Evrópu um starfsemi eftirlitsaðila og niðurstöður úr eftirliti með reikningsskilum útgefanda á Evrópska efnahagssvæðinu

12

Áhersluatriði ársreikningaskrár fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2024



➤ Áhersluatriðin taka mið af atriðum sem hafa komið upp í eftirliti ársins 2024 með reikningsskilum félaga sem beita lögunum við gerð þeirra. Þau ná til eftirfarandi atriða:

- Hvort að skýrsla stjórnar sé sett fram í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 og innihaldi þær upplýsingar sem þar ber að veita.
- Hvort að upplýsingar í skýringum vegna leigusamninga séu í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. RR6.
- Áhrif stærðarflokkunar á upplýsingagjöf í skýringum og í skýrslu stjórnar.

13

Áhersluatriði ársreikningaskrár fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2024




➤ Veruleg vanhöld eru á að skýrsla stjórnar innihaldi þær upplýsingar sem þar ber að veita. Ársreikningaskrá leggur áherslu á eftirfarandi:

- Að fjallað sé um aðalstarfsemi félagsins. (65. gr.)
- Að skýrsla stjórnar gefi glögga mynd af þróun, stöðu og árangur í rekstri félagsins á yfirstandandi reikningsári. (65. gr.)
- Að skýrsla stjórnar veiti aðrar þær upplýsingar sem gerð er krafa um í 65. gr. ársreikningalaga.
- Að í skýrslu stjórnar meðalstórra og stórra félaga komi fram auk glöggs yfirlits fyrir árangur, stöðu og þróun, lýsing á þeim megináhættum og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. (1. mgr. 66. gr.)
- Að í skýrslu stjórnar meðalstórra og stórra félaga séu fjallað um meginmarkmið og stefnu við áhættustýringu félagsins.
- Að aðrar upplýsingar sem ber að veita skv. VI. kafla ársreikningalaga komi fram í skýrslu stjórnar.

14

Áhersluatriði ársreikningaskrár fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2024



➤ Upplýsingar um leigusamninga skv. reglu reikningsskilaráðs nr. RR6.

- Of algengt að ekkert sé fjallað um leigusamninga í skýringum með ársreikningi eða samstæðureikningi.
- Regla reikningsskilaráðs nr. RR6 gerir ítarlegri kröfur um upplýsingar en var í settri reikningsskilareglu IAS 17.
- Veita þarf upplýsingar um bæði fjármögnunarleigusamninga og rekstrarleigusamninga, svo sem um:
 - Helstu skilmála leigusamninga, svo sem um undirliggjandi eignir, leigutíma og framlengingar og uppsagnarheimildir.
 - Fjárhæðir sem gjaldfærðar hafa verið í rekstrarreikning og hvernig þær sundurliðast.
 - Heildarfjárhæðir skuldbindinga vegna leigusamninga næstu fimm ár og lengri tíma eftir því sem við á.

15

Áhersluatriði ársreikningaskrár fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2024



➤ Stærðarflokkun félaga hefur áhrif á hvaða upplýsingar skal veita í reikningsskilum, bæði í skýrslu stjórnar og í skýringum. Ársreikningaskrá mun horfa til eftirfarandi:

- Eru þær upplýsingar sem eru birtar í skýrslum stjórnar og í skýringum nógu ítarlegar og fullnægjandi miðað við stærð og umfang starfsemi félagsins.
- Hvort að stjórnendur félagsins hafi tekið mið af þörfum notenda reikningsskilanna við þegar upplýsingar eru settar fram.

16



Takk fyrir

Skoðanir sem fram koma í þessari kynningu er skoðanir kynningaraðila, nema annað sé tekið fram. Álit, tilkynningar og annað efni sem varðar eftirlit ársreikningaskrár er birt á upplýsingavef Skattsins, www.skatturinn.is undir Fyrirtækjaskrá – Ársreikningaskrá.

The views expressed in this presentation are those of the presenters, unless otherwise stated. Opinions, notices and other material concerning the supervision of the Registry of Annual Accounts are published on the Icelandic Revenue and Custom information website, www.skatturinn.is under Business Register – Registry of Annual Accounts.